



Mosfellsbæ 14. september 2022.

**Fundargerð samráðsvettvangs Mosfellsbæjar og Aftureldingar um framtíðarsýn Varmárvæðis**

**Haldin að Varmá 14. september 2022 kl. 08:30 – 09:30**

Mættir fulltrúar frá Mosfellsbæ: Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri, Linda Udengaard framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs, Jóhanna Hansen framkvæmdastjóri umhverfissviðs, Halla Karen Kristjánsdóttir formaður bæjarráðs, Ásgeir Sveinsson bæjarfulltrúi, Hrafn Ingvarsson varaformaður Aftureldingar, Birna Kristín Jónsdóttir formaður Aftureldingar og Grétar Eggertsson framkvæmdastóri Aftureldingar. Sigurður Guðmundsson íþróttafulltrúi ritaði fundargerð.

1. Regína bæjarstjóri setti fundin og bauð fundarfólk velkomið.
2. **Framtíðarsýn Aftureldingar** - Formaður fór yfir framtíðarsýn Aftureldingar varðandi uppbygging að Varmá og þá forgangsröðun sem félagið lagði áherslu á í sinni þarfagreiningu. Þar er nýtt þjónustuhús í fyrsta sæti og endurnýjun á fótboltavöllum í öðru. Þar sem byggingu þjónustuhúss var frestað liggur áhersla Aftureldingar að fá úttekt á uppbyggingu á fótboltavöllum innan Varmárvæðis. Einnig var tillaga frá Mosfellsbæ að skoða Tungubakka með tilliti til frekari uppbyggingar.
3. **Þjónustubygging** – tækifæri er til að endurskoða teikningar af þjónustubyggingunni í samhengi við framtíðarsýn svæðisins.
4. **Stúkubygging** – Umræða um áhorfendastúku við aðalvöllinn og aðstöðu í henni. Stúkubyggingu þarf að skoða í samhengi við framtíðarsýn svæðis.
5. Umræða um hvernig uppbygging á Varmárvæðinu gæti tengdst frekari uppbyggingu á íþróttamannvirkjum í Mosfellsbæ til dæmis í tengslum við Blikastaðaland.
6. Niðurstöður:
  - a. Framkvæmdastjóri umhverfissviðs mun skila greiningu á gervigrasvellinum, hvort möguleiki sé að búa til tvo velli.
  - b. Mikilvægt er að fá þrívíddarteikningu af svæðinu – rætt á næsta fundi
  - c. Næsti fundur boðaður 27.9.2022